

## REGLUR

### um breytingu á reglum um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001.

#### 1. gr.

Svohljóðandi ný mgr. komi á eftir 3. mgr. 4. gr.:

Heimilt er auk þess að semja svo um í fjármálagerningum, sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sbr. lög nr. 110/2007 um kauphallir, að á útborgunardegi láns og greiðsludegi afborgana og vaxta miðist verðbætur innan mánaðar við daglega línulega breytingu á vísitölu neysluverðs, þ.e. milli gildis hennar á fyrsta degi mánaðar og gildis hennar á fyrsta degi næsta mánaðar þar á eftir.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til ákvæða VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. mars 2010.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Sigríður Logadóttir**  
aðallögfræðingur.